



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Atvinnuveganefnd Alþingis,  
Skrifstofa nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2020  
Tilv.: 2005021

### **Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til laga um ferðagjöf – 839. mál.**

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá atvinnuveganefnd, dags. 27. maí sl., þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um ferðagjöf. Samkeppniseftirlitið vísar einnig til munnlegrar umsagnar um málið sem var veitt á nefndarfundi með Atvinnuveganefnd Alþingis, sem haldinn var miðvikudaginn 27. maí s.l. Þar kom Samkeppniseftirlitið á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum við 5. tl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að unnt sé að nota ferðagjöfina til greiðslu hjá fyrirtækjum sem hafa tilskilin leyfi skv. 1-4. tölulið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, en í 5. tölulið segir: "*Söfnum og fyrirtækjum sem bjóða sýningu gegn endurgjaldi þar sem áhersla er á íslenska menningu, sögu eða náttúru.*" Í greinargerð við frumvarpið, um 5. tölulið 2. mgr. 1. gr., segir að um sé að ræða m.a. fyrirtæki eða söfn sem uppfylla skilyrði um áherslu á íslenska menningu, náttúru eða sögu. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessi atriði.

Af 4. gr. frumvarpsins er ljóst að Ferðamálastofa hefur eftirlit með framkvæmd laganna og framkvæmir mat á því hvort starfsemi umsækjanda falli undir einhvern töluliða 2. mgr. 1. gr., þar á meðal 5. tölulið. Hins vegar skortir upplýsingar um hvaða viðmið eða skilyrði Ferðamálastofa mun hafa til hliðsjónar við mat á því hvort 5. töluliður 2. mgr. 1. gr. er uppfylltur. Samkeppniseftirlitið gerir athugasemd við að slíkar upplýsingar liggi ekki fyrir áður en frumvarpið verður að lögum og Ferðamálastofa getur hafið eftirlit og framkvæmt mat.

Samkeppniseftirlitið vill einnig koma á framfæri athugasemd við útfærslu á ferðagjöfinni. Samkeppniseftirlitinu hefur borist ábending um að ekki hafi verið haft samband við önnur fyrirtæki sem bjóða upp á sambærileg smáforrit í farsíma sem hefðu getað nýst við útfærslu og dreifingu á ferðagjöfinni.

Af þessu tilefni vill Samkeppniseftirlitið áréttta mikilvægi þess að hugað sé að samkeppnilegum áhrifum þeirra aðgerða sem stjórnvöld eru að ráðast í til þess að styðja við íslenskt atvinnulíf vegna efnahagserfiðleika af völdum COVID-19. Meðal annars þarf að

gæta að því að notkun ríkisfjármuna til að aðstoða fyrirtæki getur, ef illa tekst til, verið til þess fallin að raska og hafa skaðleg áhrif á samkeppni ef aðgerðir stjórnvalda ívilna einu fyrirtæki eða fleirum umfram önnur.

Tekið skal fram að Samkeppniseftirlitið hefur ekki haft ráðrúm til að taka framangreinda ábendingu til frekari skoðunar en vill enga síður vekja athygli á áhrifum sem umrædd útfærsla á ferðagjöfinni kann að hafa.

Samkeppniseftirlitið vekur athygli á framangreindu og er reiðubúið að liðsinna nefndinni frekar eftir því sem hún óskar.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur Haukur Guðmundsson